

Félagsfundur 9. mars 2009

Fundargerð félagsfundar SFA 9.mars 2009

Bókasafni Mosfellsbæjar

Kl. 10.00

Mættir:

Anna Sigríður Einarsdóttir, Anna Torfadóttir, Erla Kristín Jónasdóttir, Erla Lúðvíksdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Hlíf S. Arndal, Hrafn Andrés Harðarson, Hulda Björk Þorkeldsdóttir, Lilja Ólafsdóttir, Margrét Ásgeirsdóttir, Margrét R. Gísladóttir, Margrét Sigurgeirsdóttir, Marta Hildur Richter, Oddný H. Björgvinsdóttir, Óskar Guðjónsson, Pálína Magnúsdóttir, Sólveig Arngrímsdóttir, Þóra Ingólfssdóttir og Dóra Thoroddsen, ritari.

Marta Hildur bauð fólk velkomið.

Erla Kristín, formaður Fínu kynnti dagskrá, og fól Sólveigu fundarstjórn.

Sólveig gekk til dagskrár.

1. Niðurstöður hópa, skipuðum á síðasta félagsfundi.
 - A. Hópur um styrkjaumsóknir, Anna, Hrafn og Pálína.
Hópurinn hefur haldið einn fund, þreifingar komnar af stað og heldur áfram störfum. Í ljós kom að ýmsir hafa þegar sótt um, og sumir fengið, styrki vegna ýmissa verkefna og vistaskipta. Hrafn beindi til stjórnar, og samþykkt, að stjórnin aflaði upplýsinga um og setti á heimasíðu Fínu, lista yfir fengna styrki og mögulega styrkveitendur, til að fá yfirsýn.
 - B. Hópur um fjölmiðlaskrif, Margrét Ásgeirsdóttir, Marta Hildur og Oddný.
Margrét greindi frá að hópurinn hefði haldið einn viðverufund og nokkra símafundi. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram, t.d. greinar um lestur og ólæsi, framtíðarverkefni almenningsbókasafna, skemmtileg viðtöl við bókasafnsfræðinga, og hvað sé að gerast á bókasöfnum í dag. Erla Kristín lagði til að fá utanaðkomandi aðila til greinaskrifanna. Ýmsir tóku undir það, m.a. Pálína, sem sagði ekki áhugavert fyrir almenning að lesa fagleg skrif sérfræðinga. Hugmyndinni vísað til hópans.
 - C. Hópur um nám um almenningsbókasöfn í bókasafnsfræði við H.Í. Óskar, Brjann Birgisson og Sævar Ingi Jónsson. Hópurinn mat stöðuna í kennslu við H.Í. Í ljós kom að kúrs um almenningsbókasöfn hafði ekki verið kenndur þar í 8 ár, þrátt fyrir að mjög stór hluti starfandi bókasafnsfræðinga ynni á þessum starfsvettvangi. Borið við skorti á kennurum, sem reyndist ekki rétt. Frekar væri orsökinn tómlæti og áhugaleysi gagnvart þessum hluta bókasafna, aðaláhersla lögð á skjalasöfn. Eina fræðslan um almenningsbókasöfn sem í boði væri, er tveggja daga námskeið um Borgarbókasafn, annað hvert ár, en reyndar var skörun við nokkra aðra kúrsa. Hópurinn athugaði erlenda háskóla, þar er mikil áhersla lögð á almenningsbókasöfn. Óskar og Anna ræddu við skorarformann, Jóhönnu Gunnlaugsdóttur, um úrbætur. Þar kom fram, að ef komið yrði fram með vissar námskeiðstillögur, yrðu þær skoðaðar og ef samþykktar, þá fyrst kenndar á skólaárinu 2010/2011 vegna þess að námskrá næsta árs þegar ákveðin.
Svo verkefni eru:
Stofna starfshóp/Skrifa námskeiðslýsingu, forskrift/Ákveða kennslufyrir-komulag/Leggja fyrir Skordeild/Skipuleggja námskeiðið/Velja kennara.
Samþykkt að Óskar og hópur hans haldi áfram þessu starfi, og kalli til sín samstarfsaðila að vild.
2. Bókasafn 2.0
Óskar fjallaði um Bókasafn 2.0 og hugmyndafræðinni að baki þess, skilgreiningar og birtingarmynd í bókasöfnum. Sagði frá því að Borgarbókasafn væri að setja B2 teymi á laggirnar, þar sem áhersla yrði lögð á að virkja starfsfólk með umræðu og kennslu um þessa framtíðarmúsík. Skýrði ýmis dæmi tengd umfjölluninni, t.d. wiki, netsamfélög, RSS, Social Bookmarking og Social networking o.fl. Fjallaði sérstaklega um blogg og bloggsíður og hvernig bókasöfn eru og gætu notað sér það. Breytt þjóðfélag kallar á breyttar aðferðir við að nálgast og ná til viðskiptavina. Þurfum að horfast í augu við breytingar og finna jafnvægi. Miklar umræður spunnust um málið. Hulda Björk lagði til að stofnaður yrði hópur um þetta verkefni. Vísað til vorfundar.
12.30 Margrét Sigurgeirsdóttir vék af fundi.
3. Vorfundur Fínu.
Verður haldinn á Bókasafni Selfoss, gerð var tillaga um 6. og 7. maí 2009 (Ráðstefna Aleflis 8.maí.) Nánari tilhögun vísað til stjórnar og Margrétar Ásgeirsdóttur.
4. Millisafnalán.
Erla Kristín bað um skoðanir fundarmanna. Hulda Björk sagði það bara spurningu um kostnað. Marta lagði til að lánþegi borgi fengna sendingu. Halldóra sagði lánþega borga fyrir millisafnalánssendingar, nema nýbúar, ef vildu fá bækur á eigin móðurmáli, þá er ekki borgað. Lagt til að reglur um millisafnalán hvers safns, yrðu settar á

heimasíður eigin safna. Nokkrar umræður urðu um millisafnalán á Höfuðborgarsvæðinu, Erla Kristín tók að sér að tala við póstinn um afslátt varðandi sendingar milli bókasafna. Ásamt því að tala við Landskerfi um millisafnalánsþáttinn.

5. Önnur mál:

Ókeypis skírteini.

Hrafn talaði um hagkvæmni og mannréttishugsjónarsjónarmið varðandi ókeypis skírteini.. pálínu falið að semja ályktun fyrir vorkund.

13.30 Fundi slitið.